

176

8. sept.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

1. gr.

58. gr. orðist þannig:

Á almannafæri mega hestar og kýr ekki ganga umhirðulaus. Hesta og kýr, sem ráfa umhirðulaust um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostnað eigenda þeirra. Hestaeigendur eru skyldir til að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

177

28. ágúst

REGLUGERÐ

um störf fræðslumálastjóra.

1. gr.

Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu og skólamállum undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þetta nær þó ekki til mála, er varða Háskóla Íslands. Fræðslumálastjóri hefur ekki á hendi fullnaðarafgreiðslu annarra mála en þeirra, er ráðuneytið felur honum sérstaklega. Hann skal líta eftir því, að gildandi lögum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins um skólamál sé framfylgt og safna fyrirskipuðum og nauðsynlegum skýrslum um skólahald í landinu. Fræðslumálastjóri ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart menntamálaráðuneytinu og skal láta því í té skriflegt álit og tillögur um þau mál, er það ber undir hann. Svo skal hann og gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hann telur að verða mætti til bóta í starfsgrein hans.

2. gr.

Fræðslumálastjóri skal í umboði ráðuneytisins auglýsa með hæfilegum umsóknarfresti kennarastöður þær, sem lausar eru og ráðstafa á. Skulu umsóknirnar stílaðar til ráðuneytisins, en sendar skólanefnd (fræðsluráði) eða skólastjóra þar sem eigi er skólanefnd (fræðsluráð), en fræðslumálastjóri lætur fylgja þeim umsögn sína og tillögur til ráðuneytisins. Fræðslumálastjóra ber að sjá um, að tala kennara við skóla sé jafnan í samræmi við gildandi fyrirmæli um þau efni.

3. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðning far-kennara og lætur fylgja skrá um laun þeirra.

4. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um skipan próf-dómenda við framhaldsskóla, er undir menntamálaráðuneytið heyra, nema Háskóla Íslands.

177

28. ágúst

5. gr.

Fræðslumálastjóri gerir tillögur til ráðuneytisins um skipun skólanefndarformanna, bæði er aðalskipanir fara fram og eins ef sæti verður laust milli aðalskipana.

6. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega, ef eigi er annars óskað, gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um bygging skólahúsa og skólastjóraibúða, og fjárbörf úr ríkissjóði til þeirra bygginga og má ekki hefja slíkar framkvæmdir nema fyrirfram hafi verið aflað skriflegs samþykkis menntamálaráðuneytisins. Fræðslumálastjóri skal árlega gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir fjárbörf úr ríkissjóði til skólahlalds í landinu.

7. gr.

Fræðslumálastjóra ber að gæta þess, að eigi sé að því er skólamál varðar, efnt til útgjalda umfram fjárlög eða aðrar greiðsluheimildir Alþingis eða menntamálaráðuneytis, og þarf til slíkra frávíka skriflega heimild menntamálaráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn.

Menntamálaráðuneytið, 28. ágúst 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

178

12. sept.

um gerð reikninga tryggingafélaga yfir lögboðnar ábyrgðartryggingar, endurskoðun þeirra og birtingu.

1. gr.

Við lok hvers árs skal tryggingafélag gera sérstakan rekstrarreikning yfir tryggingastarfsemi sína vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga bifreiða.

2. gr.

Í hverju tryggingafélagi skal halda sérstaka reikninga fyrir eftirtalda bókhaldsliði, sem einungis snerta lögboðnar ábyrgðartryggingar:

A. Tekjur:

1. Iðgjöld.
2. Umboðslaun frá endurtryggjendum.
3. Hluti endurtryggjenda í tjónum.
4. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum.
5. Yfirfærð iðgjöld frá fyrra ári.

B. Gjöld:

1. Tjón greidd.
2. Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum.
3. Umboðslaun til umboðsmanna.